

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 14. júlí 2023
UST202306-299/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga– Deiliskipulag – Flókagata, frístundabyggð í landi Munaðarness - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagi fyrir Flókagötu í Munaðarnesi í Borgarbyggð.

Í erindinu kemur fram að deiliskipulagssvæðið er innan frístundabyggðar F62 og að hluta til innan landbúnaðarsvæðis í landi Munaðarness. Einnig kemur fram að svæðið er 7,3 ha að stærð og innan þess eru þegar sex frístundalóðir og er fyrirhugað að bæta við sex nýjum lóðum sem verða á bilinu 3451-8006 m² að stærð. Auk þess kemur fram að sunnan við skipulagssvæðið er í gildi deiliskipulag, *Deiliskipulag 4. áfanga fyrir Selás*, og verður skipulagssvæðið minnkað með tilkomu nýrra lóða við Flókagötu.

Birkiskógar

Í greinargerð segir að birkiskógar falla undir sérstaka vernd þar sem þeir eru sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir og leifar þeirra, þar sem er m.a. gömul tré sbr. b. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Auk þess segir að birkiskógurinn innan skipulagssvæðisins fellur ekki undir sérstaka vernd sbr. ofangreindum lögum sbr. skrá frá Skógræktinni. Birkiskógurinn á svæðinu er talin vera 30-60 ára gamall skv. kortgrunni frá Skógræktinni og er þar með ekki talinn gamall sbr. ofangreindum lögum eða vera vistfræðilega mikilvægur í heildarsamhenginu.

Umhverfisstofnun bendir á að það er hlutverk Skógræktarinnar að skilgreina þá birkiskóga sem falla undir sérstaka vernd í náttúruverndarlögum. Því þarf sveitarfélagið að leita umsagnar Skógræktarinnar varðandi ofangreinda fullyrðingu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur